

## Karlkennarar

Um aldirnar hafa feður tekið við meginábyrgð á uppeldi sonanna u.þ.b. frá sjö ára aldri. Á síðriðnbyltingartímum - á Íslandi síðustu þrjá áratugi eða svo - brá svo við, að uppeldi drengja færðist yfir til stofnanna. Þessar stofnanir, dagheimili, leikskólar og grunnskólar eru að meirihluta skipaðir konum. Samtímis hafa fjölskyldur flosnað upp með þeim afleitu afleiðingum, að margir synir hafa að mestu leyti kynnst feðrum sínum af afspurn mæðranna og fundið skrumstældar karlfyrirmyndir í fjölmiðlum. Þeir hafa með öðrum orðum margir hverjir aldrei lært eðlilega karlmennsku. Nú er eins og atvinnuuppaldur sjái að sér. Hér má lesa um samband frammistöðu pilta og kyns kennara, þ.e. drengir standa sig betur í skóla, fá þeir að njóta "karlmannlegrar" kennslu.

<https://www.nrk.no/ho/mannlige-laerere-er-bra-for-guttene-1.7948390>

Vökul augu stjórnenda Snjaldurskinnu benda með nær stöðugt á gamlar "Fésbókarlummur," þ.e. viðleitni mína til að benda það í mannlífinu - sérstaklega á uppeldissviði - sem betur gæti farið. Fyrir fimm árum síðan (og miklu lengur reyndar) hafa drengir verið afskiptir í skólakerfinu. Hvorki stjórnvöld né kvenfrelsunarhreyfingarnar virðast hafa nægar áhyggjur af stöðunni til að setja fram "jafnréttisáætlanir" eða að lögfesta "kynbundinn" forgang karlkennara. Við erum enn við sama heygarðshorn.